

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 226/2012****2013/EES/18/22****frá 7. desember 2012****um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 842/2011 frá 19. ágúst 2011 um að taka upp stöðluð eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga á sviði opinberra innkaupa og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1564/2005 ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 842/2011 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1564/2005 ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XVI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XVI. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 6c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1564/2005) falli brott.
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 6c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1564/2005):
„6d. **32011 R 0842**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 842/2011 frá 19. ágúst 2011 um að taka upp stöðluð eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga á sviði opinberra innkaupa og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1564/2005 (Stjtið. ESB L 222, 27.8.2011, bls. 1).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 842/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. desember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(¹) Stjtið. ESB L 222, 27.8.2011, bls. 1.

(²) Stjtið. ESB L 257, 1.10.2005, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.